
F U N D A R G E R Ð

Fundur:	Raforkuhópur 2005-07
Fundartími:	Þriðjudagur 4. október 2005 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrri helmingi ársins og ný uppsetning. 2) Gögn frá Landsneti og uppsetning á úrvinnslu úr þeim. 3) Verkefni ársins 2006 4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Eymundur Sigurðsson Ívar Þorsteinsson Agnar Árnason Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Pétur E. Þórðarson

- 1) JV sýndi töflur um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. Hann lagði til að gerðar yrðu breytingar á þessum töflum í samræmi við breytt skipulag. Hann lagði til að eigin notkun veitna yrði flokkuð með almennri notkun enda erfitt að fá þá notkun sérstaklega. Einnig sagði hann að það vantaði ennþá tölur um einstaka samninga í ótryggðri orku þar sem Landsnet telur það ekki sitt hlutverk að afhenda slíkt og þyrfti því að fá það frá veitunum. Einnig breytast flutningstöpin frá síðustu áramótum þar sem flutningskerfið er orðið umfangsmeira en töpin eru 3,6% á fyrri hluta þessa árs en voru 2,9% á fyrri hluta síðasta árs. JV sagðist því hafa áætlað ný flutningstöp fyrir síðasta ár til að geta birt samræmdar tölur milli ára. Eftir þessa lagfæringu eykst almenn notkun um 3,1% á milli ára, raforkuvinnsla eykst um 1,1% og stórnotkun minnkar um 0,1%. Eftir hitastigsleiðréttingu er aukning almennrar notkunar 2,5%. JV benti á að miðað við þann mikla hagvöxt sem nú ætti sér stað væri þetta ekki mikil aukning. GA og AA ætla að senda JV mánaðarlega tölur um ótryggða orku eftir samningum.
- 2) JV sagði að fengist hefðu gögn um vinnslu nokkurra virkjana frá Landsneti og um innmötun og úttekt úr flutningskerfinu. Búið væri að setja upp úrvinnslu úr þessum gögn sem myndar mánaðarfærslur. Nokkrar smávægilegar breytingar þyrfti að gera á þessum

gagnasendingum og mun JV senda athugasemdir til Orkustofnunar sem sendir þær áfram til Landsnets. Hann sagði einnig að einungis fáeinar virkjanir kæmu frá Landsneti svo mest alla vinnslu þyrfti að fá á svipaðan hátt og áður.

- 3) JV fór yfir áætlun um störf hópsins á næsta ári og þar er gert ráð fyrir að tímafjöldi minnki um 100 tíma. Einnig var miðað við að endurreikna spána næsta vor. Engar athugasemdir komu við áætlunina.
- 4) ES rakti vinnu við skýrslu ráðherra sem lögð verður fyrir Alþingi. Einnig lagði hann til að allir í hópnun mundu skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu varðandi þau gögn sem við fáum frá veitunum. Ákveðið var að fela ES að koma með uppkast að slíkri yfirlýsingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:50. Næsti fundur ákveðinn 1. nóvember 2005.

Jón Vilhjálmsón